



## **Formáli forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar**

Landið Ísland er með þeim allra síðustu sem mannskepnan uppgötvaði á ferð sinni um víða veröld. Reyndar er landið sjálft einnig með þeim yngstu í heiminum, elsta berg þess aðeins um 16 milljóna ára gamalt. Stöðug eldvirkni skóp þessa eyju á Norður-Atlantshafshryggnum og síðan hafa öfl náttúru og jarðar mótað hana. Þannig er Ísland víða enn að rísa eftir að ok ísaldarhellunnar fór að léttast fyrir um 10.000 árum. Jöklar hafa hopað í hundrað ár og munu minnka enn frekar á öld loftslagbreytinga og hnattrænnar hlýnunar. Sæaldan brotnar á ströndum, ár bera með sér set. Og jarðeldar verða reglulega, að jafnaði með nokkurra ára millibili. Aska leggst yfir land, ný hraun renna.

Í öllum þessum stöðugu umskiptum þrífst flóra landsins og fána. Sumar plöntur lifðu án efa af ísöldina og fræ annars gróðurs, sem nú prýðir landið, rötuðu síðan hingað með fuglum og hafstraumum, veðri og vindum. Farfuglar uppgötvuðu þennan áfangastað úti í hafi. Refir og mýs voru væntanlega fyrstu spendýrin sem komu sér fyrir í landinu, bárust þá að ströndum þess með rekis frá norðurslóðum. Selir og hvalir syntu undan landi, fiskar sömuleiðis.

Þannig var umhorfs hér þegar landnám hófst. Við vitum ekki fyrir víst hvenær fyrsti maðurinn steig fæti á það eyland sem við nú köllum Ísland. Varla var það þó fyrr en á fyrstu öldum eftir kristsburð. Talið er að á sjöundu eða áttundu öld hafi írskir einsetumunkar fundið landið og um svipað leyti má vel vera að norrænir menn hafi nýtt það sem verstöð, fangað rostung og aðrar skepnur. Og síðan varð bylting. Næstu aldir settust tugþúsundir manna að í landinu, þessari ósnortnu paradís veiðimanna og bænda. Fólkið ruddi skóga, veiddi sér til matar, beitti skepnum, ræktaði tún og akra.

Hér erum við enn. Þúsund ár eru sem örskot í jarðsögunni. Á þessum stutta tíma hefur landið þó gerbreyst víða, og náttúra þess og lífríki um leið. Áfram munum við móta umhverfi okkar, jafnvel með geigvænlegum afleiðingum. Við erum að vakna til vitundar um nauðsyn þess að lifa í sátt við móður jörð, virða okkar takmörk, nýta og njóta frekar en að eyða og skemma. Þessi ágæta bók mun hjálpa okkur til þess, með sínum mikla fróðleik og fallegu myndum.